



Reykjavík, 28. ágúst 2018

VEL2018010003

RÁ/esg

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. september 2018

Rannsóknararáætlun

Væntingar og þarfir einstaklinga sem eru í húsnæðisvanda

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðstjóri/Erla Björg Sigurðardóttir deildarstjóri

Tilurð rannsóknar

Þann 31. júlí 2018 var lögð fram, á fundi borgarráðs, svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Lagt er til að Reykjavíkurborg kanni væntingar og þarfir einstaklinga sem eru í húsnæðisvanda í borginni. Til að fá heildstæða mynd af aðstæðum þarf að ræða við fólkið í húsnæðisvanda og eru eigindlegar rannsóknaraðferðir þar hentugar, hvort sem slíkt er t.d. í formi hálfstaðlaðra viðtala eða í rýnihópum.

Tillagan var samþykkt og vísað til frekari vinnslu á vegum velferðarráðs. Á fundi velferðarráðs þann 10. ágúst 2018 er samþykkt að vísa tillögunni til deildar gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs. Meðfylgjandi áætlun er unnin af Erlu Björgu Sigurðardóttur deildarstjóra og Elínu Sigríði Gunnsteinsdóttur verkefnastjóra.

Markmið rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar er kanna væntingar og þarfir einstaklinga sem eru í húsnæðisvanda og eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði eða annarskonar búsetuúrræði. Einnig er markmið rannsóknarinnar að kanna væntingar þeirra sem skilgreinast sem utangarðs og hvaða áherslu þeir leggja á í búsetuúrræðum sínum.

Undirbúningur rannsóknar

Rannsakandi, í samvinnu við deildarstjóra og starfsmenn á deild gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs, sér um undirbúning rannsóknarinnar. Við undirbúninginn er gerð greining á biðlistanum eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík og tekið tillit til þátta eins og kyns, aldurs, atvinnustöðu, fjölskyldugerðar og húsnæðisstöðu.

Aðferðafræði¹

Rýnihópar

Eigindleg aðferðafræði á borð við rýnihópaaðferð hentar vel til að öðlast skilning á viðhorfum og reynslu einstaklinga. Rannsóknaraðferðin byggist á umræðum 6–8 einstaklinga í hóp um ákveðið málefni. Með rýnihópaviðtölum er hægt að fá fram mikið af upplýsingum á skömmum tíma og annars konar innsýn í skoðanir fólks en fengist með einstaklingsviðtölum eða spurningakönnunum. Rýnihópar henta sérstaklega vel ef rannsókn beinist að huglægum atriðum eins og mati á þjónustu.

Einstaklingsviðtöl

Einstaklingsviðtöl eru eigindleg rannsóknaraðferð þar sem viðtöl eru tekin við einn einstakling í einu um ákveðið málefni. Stundum er einstaklingsviðtölum beitt jafnhliða annars konar rannsóknaraðferð eins og rýnihópum. Einstaklingsviðtöl eru öflug aðferð til að ná fram skilningi eða viðhorfi fólks til ákveðins viðfangsefnis. Rétt eins og rýnihópar henta þau vel í verkefnum þar sem þekking á viðfangsefninu er lítil eða ef rannsókn beinist að huglægum atriðum. Sú leið að taka einstaklingsviðtöl frekar en að boða til rýnihópa er oft farin þegar umræðuefnið er sérstaklega viðkvæmt.

Rýnihópar og einstaklingsviðtöl

Í rannsókninni verða væntingar og þarfir þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði og/eða annarskonar búsetuúrræði ræddar í rýnihópum og með einstaklingsviðtölum. Lagt verður upp með að hafa fjóra mismunandi rýnihópa:²

- Einstaklingar yngri en 35 ára
- Einstaklingar eldri en 35 ára³
- Fjölskyldur með börn 18 ára og yngri
- Einstaklingar af erlendum uppruna⁴

Einstaklingsviðtöl verða tekin við einstaklinga sem gista í Konukoti og Gistiskýlinu. Til að ná í þann hóp einstaklinga sem er hvað verst staddur, hvað húsnæðisaðstæður varðar, er best að nálgast þá á þeim stöðum sem þeir gista og/eða sækja að staðaldri. Þeir staðir eru m.a. Konukot og Gistiskýlið, en þeir

¹ Í kaflanum er upplýsingar fyrst og fremst teknar af vefsíðu Félagsvísindadeild Háskóla Íslands: <http://fel.hi.is/rynihopar> og <http://fel.hi.is/einstaklingsvidtol>.

² Reynt verður að hafa kynjahlutfallið sem jafnast.

³ Þar sem um eigindlega rannsókn er að ræða og talað er við fáa er erfitt að hafa hópana meira aldursskipta.

⁴ Hafa þarf í huga að hugsanlega hentar rýnihópaformið ekki þessum hóp einstaklinga, og að við framkvæmd rannsóknarinnar verði ákveðið að taka frekar einstaklingsviðtöl í stað þess að halda rýnihópafund með einstaklingum af erlendum uppruna.

staðir verða fyrir valinu m.a. vegna þess að aðstaða þar er þess eðlis að hægt er að taka viðtöl við einstaklingana með góðum hætti. Með því að mæta þeim á þeirra forsendum, og taka einstaklingsviðtöl við þá í stað þess að boða þá í rýnihópa, aukast líkur á því að þeir samþykki að taka þátt í rannsókninni.

Framkvæmd rannsókna

Þátttakendur í rýnihópunum verða valdir með lagskiptu slembiúrtaki, þ.e. einstaklingum á biðlista eftir félagslegu húsnaði og/eða annarskonar búsetuúrræðum verður skipt upp í mismunandi hópa eftir aldri, kyni, fjölskyldugerð, uppruna og félagslegum aðstæðum. Því næst verður tekið slembiúrtak úr hverjum hóp fyrir sig. Gert er ráð fyrir að allt að átta einstaklingar verði valdir í hvern hóp.

Þátttakendur í einstaklingsviðtölunum verða valdir með svokölluðu hentugleikaúrtaki. Þ.e. rannsakandinn mun mæta í Konukot og Gistiskýlið og óska eftir þátttöku þeirra einstaklinga sem eru þar hverju sinni.

Rannsakandi, ásamt öðrum starfsmönnum á deild gæða og rannsókna, sér um framkvæmd rýnihópa. Framkvæmd einstaklingsviðtala verður í höndum rannsókna.

Við framkvæmd rannsóknarinnar verður farið að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og reglum og leiðbeiningum Persónuverndar um rannsóknir. Fyllsta trúnaðar verður gætt gagnvart þátttakendum.

Rannsakandi

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir verkefnastjóri á deild gæða og rannsókna.

Framkvæmdaráætlun

Gagnaöflun og undirbúningur rannsóknarinnar fer fram í september 2018. Í september 2018 verða bréf send á einstaklinga sem veljast í rýnihópana og óskað eftir þátttöku þeirra í rýnihópunum. Stefnt er að því að halda rýnihópafundina í október 2018. Einstaklingsviðtöl verða tekin í október og nóvember 2018.

Áætluð skýrslulok, ásamt kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar, eru í árslok 2018.